

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Alþingishúsinu við Austurvöll  
150 Reykjavík

SÍÐUMÚLA 13  
108 REYKJAVÍK  
SÍMI 545 1200  
TELEFAX 545 1212  
NS@NS.IS  
PÓSTHÓLF 8160  
128 REYKJAVÍK

14. febrúar 2000

**Efni: Umsögn Neytendasamtakanna um frumvarp til laga um þjónustukaup.**

Neytendasamtökin fagna því að frumvarp til laga um þjónustukaup sé lagt fyrir Alþingi á nýjan leik og leggja mikla áherslu á að frumvarp þetta verði að lögum þar sem þau telja mikla nauðsyn á almennri lagasetningu sem tekur til seldrar þjónustu.

Samtökin eru sammála meginefni frumvarpsins en gera þó eftirfarandi athugasemdir varðandi einstakar greinar þess:

1. gr.

4. tl. 1. mgr. Neytendasamtökin leggja til að gildissvið þessa tölulíðs verði rýmkað þannig að frumvarpið taki til hvers konar ráðgjafarþjónustu en ekki einungis ráðgjafarþjónustu í tengslum við vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingaframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi.

7. gr.

Með hliðsjón af leiðbeiningarskyldu seljanda skv. 6. gr. og að það telst galli á þjónustu ef seljandi hefur ekki veitt neytanda upplýsingar sem hann hafði vitneskju um eða hefði mátt hafa vitneskju um og hafa þýðingu fyrir framkvæmd verksins skv. 3. tl. 1. mgr. 9. gr. telja Neytendasamtökin að seljandi eigi ekki rétt á greiðslu fyrir verk sem hann hefur framkvæmt og neytandi keypt á röngum forsendum. Neytendasamtökin leggja því til að þetta ákvæði verði fellt brott úr frumvarpinu.

9. gr.

2. mgr. Það er mat Neytendasamtakanna að ef þjónusta uppfyllir ekki fag- eða öryggiskröfur sé um verulega vanefnd að ræða. Neytendasamtökin leggja til að felld verði brott þessi málsgrein.

17. gr.

4. mgr. Neytendasamtökin leggja til að bætt verði við 4. mgr. sem orðist svo:

„Geti neytandi sýnt fram á, að hann hafi ekki orðið gallans var eða mátt verða hans var innan tveggja ára frá afhendingu hinnar seldu þjónustu heldur hann rétti til að bera gallan fyrir sig í eitt ár frá því að hann varð gallans var, en þó ekki lengur en fimm ár frá því að þjónustan var innt af hendi.”

Neytendasamtökin telja eðlilegt að neytandi eigi þess kost að bera fyrir sig galla hafi hann ekki getað gert sér grein fyrir því að söluhlutur var gallaður þegar tveggja ára

tímafrestur 2. mgr. er liðinn. Neytendasamtökin telja þó eðlilegt að einhver endir sé á því að neytandi geti borið fyrir sig galla á þjónustu og er miðað við að neytandi geti ekki borið fyrir sig galla á þjónustu lengur en fimm ár frá afhendingu hennar.

32. gr.

Neytendasamtökin leggja til að felld verði úr greininni: „nema neytandi hafi sannarlega haft vitneskju um að þau væru það ekki”, þannig að greinin verði: „Í tilgreindu verði skulu innifalin öll opinber gjöld.” Þetta telja Neytendasamtökin vera miklu eðlilegra þar sem algengt er að seljendur þjónustu beri fyrir sig eftir á að í tilboði hafi ekki verið innifalin virðisaukaskattur. Slíkt telja samtökin að sé óásættanlegt fyrir neytendur og með því að fella umræddan hluta úr greininni yrði komið í veg fyrir slíkt.

34. gr.

Neytendasamtökin leggja til að bætt verði við 3. mgr. sem orðist svo:

„Sé þess krafist ber seljanda að leggja fram sundurliðaða tímaskrá, sem gefi greinargott yfirlit um vinnu hans og það sem unnið er að hverju sinni. Verð fyrir þjónustu seljanda má ekki vera hærra, en nemur verð fyrir tímafjölda skv. gjaldskrá seljanda. Hafi seljandi ekki gjaldskrá ber honum að sýna fram á það gegn mótmælum kaupanda, að verð þjónustunnar sé sanngjarnt.”

Verð á keyptri þjónustu er mjög algengt ágreiningsmál þegar ekki hefur verið samið um það fyrirfram. Í því skyni að minnka líkurnar á slíkum ágreiningsmálum leggja Neytendasamtökin til þessa viðbót við 34. gr.

37. gr.

2. mgr. Neytendasamtökin leggja til að bætt verði við málsgreinina þannig að seljanda þjónustu beri að vara neytanda við því með **hæfilegum fyrirvara** og sannanlegum hætti til hverra ráðstafana hann muni grípa.


38. gr.

Neytendasamtökin telja að það verði að vera skilyrði fyrir því að selja megi hlut að neytanda hafi borist tilkynning um það með hæfilegum fyrirvara og sannanlegum hætti og leggja til að kveðið verði á um það með skýrum hætti í ákvæðinu.

39. gr.

Þessi grein er óþarfi þar sem í 3. gr. frumvarpsins kemur fram að eigi megi víkja frá ákvæðum laganna neytanda í óhag. Neytendasamtökin leggja því til að 39. gr. verði felld brott úr frumvarpinu.

Virðingarfyllst,  
F.h. Neytendasamtakanna

  
Telma Halldórsdóttir, lögfr.